

Nd.

454. Nefndarálit

[23. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frv. þetta á allmörgum fundum og leitað umsagnar fjölmargra aðila og svöruðu eftirtaldir:

Bifreiðaeftirlit ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík, Félag ísl. bifreiðaeftirlitsmanna, Samband ísl. tryggingafélaga, Ábyrgð hf., Samvinnutryggingar, Hagtrygging hf., Félag ísl. bifreiðaeigenda.

Að efni til má skipta frv. í þrjú flokka: 1. Ákvæði um notkun og skráningu beltabifhjóla, 2. Hækkun váttryggingarupphæða og eigin áhættu, 3. Breytingar á skráningu bifreiða.

Um tvo fyrstnefndu þættina er enginn ágreiningur, og leggur nefndin einróma til að ákvæði frv. þar að lútandi verði samþykkt.

Meginefni frv. fjallar hins vegar um skráningu bifreiða og nýtt fyrirkomulag í þeim efnum. Þ. e. að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli lögsagnarumdæma, svo og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Kostir þessara breytinga eru taldir annars vegar sparnaður opinberra stofnana, sem hlut eiga að máli, eigenda ökutækja og váttryggingafélaga, og svo hins vegar, að auðveldara verði að halda við ökutækjaskrá og skýrsluvélavinnu. Með breytingunni mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum sem leiðir af skiptingu landsins í skráningarumdæmi.

Í umsögnum, sem nefndinni hafa borist, koma fram athugasemdir sem einkum beinast að tvennu: Í fyrsta lagi að eigendaskipti komi ekki fram eins ljóslega og nú er, í veðmálabókum, og skapi óvissu um, hvort veðskuldir, fjárnám o. s. frv. hvíli á viðkomandi ökutæki. Ef ráða eigi bót á þessu, þarf að stofnsetja allsherjar þinglýsingarstofu, þá helst í Reykjavík, og sé sú ráðstöfun síst til bóta fyrir dreifbúlisfólk og vart til sparnaðar. Í öðru lagi að ákvörðun váttryggingariðgjalda með hliðsjón af áhættusvæðum muni mjög torveldast, þegar skrásetningarnúmer bifreiða gefur ekki lengur til kynna í hvaða lögsagnarumdæmi bifreiðin er.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og af öðrum upplýsingum og ábendingum, sem nefndinni hafa borist, getur nefndin ekki séð að um umtalsverðan sparnað geti orðið að ræða, ef úr breytingunni yrði, auk þess sem óvissa og kostnaður, sem hún bakaði eigendum og kaupendum ökutækja, er augljóslega nokkur.

Að öllu þessu athuguðu hefur allsherjarnefnd ekki sannfæringu fyrir nauðsyn breytinga á skráningu ökutækja og telur að það mál þurfi að skoðast betur.

Leggur nefndin því til, að úr frv. verði fellt ákvæði sem snerta þá breytingu, en verði að öðru leyti samþykkt.

Bætt er inn í frv. breytingu á 83. gr. laganna skv. ósk dómsmálaráðuneytis, þess efnis, að í upptalningu 2. mgr. bætist heiti BÍlgreinasambandsins.

Alþingi, 24. mars 1976.

Ellert B. Schram,
form., frsm.
Páll Pétursson.

Gunnlaugur Finnsson,
fundaskr.

Ingólfur Jónsson.
Sighvatur Björgvinsson.

Friðjón Þórðarson.

Svava Jakobsdóttir.